

- 37.** 10. apríl. — 2. að styrkurinn sje veittur til þess, að þau taki þátt í æfingum í sjúkfa-medferð (clinisk cursus) á fæðingastofnuninni, og til þess, að þau kynni sjer sjúkrahús og lyfjabúðir þar í staðnum, og stendur á sama, á hverju af þessu fyrst er byrjað.
3. að upphæð mánaðarstyrksins sje ákveðin til 50 kr., sem greiðist fyrirfrám hinn, 1. dag í hverjum mánuði og ekki nema fyrir 1 mánuð í senn.
4. að styrkurinn, ef nægilegt fje er veitt til þess og ákvörðun fjárveitingarinnar leyfir það, venjulega veitist af háskólaráðinu fyrir 8 mánuði, en geti þó fengizt fyrir lengri tíma, eptir tillögum umsjónarmanns og með ofannefndu skilyrði.
5. að háskólaráðið setji umsjónarmann (ephorus), sem liti eptir, að læknaefnin noti dvöl sína í Kaupmannahöfn eins og til er ætlast, og að öðru leyti aðstodi þau með ráðum og leiðbeiningu, beiðist, að fenginni vissu fyrir að hlutaðeigendur einatt gæti þess, sem til er ætlast af þeim, útborgunar mánaðarstyrksins handa þeim frá gjaldkera háskólans, og sendi háskólaráðinu tillögur sínar, þegar svö stendur á, að styrksins er beiðizt um lengri tíma en hina venjulegu 8 mánuði og hann er orðinn þess visari, að nægilegt fje sje fyrir hendi.
- Jafnframt því að tjá stiptysisfrvöldunum hið framanritaða til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal jeg geta þess, að læknaefni, er fara hjeðan til Kaupmannahafnar til að leita sjer hinnar lögboðnu kennslu á fæðingarstofnuninni, muni samkvæmt fyrir-mælum ráðgjafans eptirleiðis að eins fá ávísað hjer af styrki þeim, sem ákveðinn er með konungsrúrskurði frá 21. oktbr. 1871, 150 kr. til að standast kostnaðinn við þessa ferð, en að þau eigi von á að fá áþekkan ferðastyrk útborgaðan í Kaupmannahöfn, er þau að loknu námi fara heim aptur.

- 38.** 11. apríl. — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um eptirlit með framtali til vinfangagjalds. Út af því að sýslumaðurinn hafði getið um það, að lausakaupmaður, er beiðizt hafði endurborgunar á tolli fyrir vinföng, er leikið höfðu hiður á ferðinni hingað til landsins, hefði látið rita á tollsedilinn óvenjulega mikið af víni, sem ætlað handa skipverjunum, var brýnt fyrir sýslumanni, að honum væri skylt að hafa sterkt eptirlit á, að gjaldfrelsið fyrir vin það, sem haft er meðferðis er handa skipverjunum sjálfum, verði eigi misbrúkað til að draga vinföng, sem ætluð eru til góðgjörða handa viðskiptamönnum kaupmanna við lausakaup («spandage»), handa fiskimönnum, ef skipið er gjört út til fiskiveiða, eða handa öðrum mönnum, sem eigi verða taldir með skipverjum, undan gjaldi því, er hvílle á öllum þeim vinföngum, er flutt eru til landsins til þess að eyðast þar eða á skipum kring um strendur þess.
- 39.** 15. apríl. — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um til-sögn í innanbæjarbúsýslu. Amtmanninum var tjáð, að Önnu Pálsdóttur Melsted hefði verið veittur áþekkur styrkur og í fyrra til þess eptir nánari samkomulagi við búnaðartjelag suðuramtsins að veita þeim, er þess kynnu að óska, tilsógn í mjólkurstörfum og annari innanbæjarbúsýslu.

- 40.** 18. apríl. — Brjef landshöfðingja til biskups um lán til að byggja upp kirkju. — Í erindi, sem jeg meðtók með þóknalegu brjefi herra biskupsins frá 11. þ. m. og um-

1) Sjá auglýsingu 31. s. m. í Tíðindum um stjórnamálefni Íslands III 129.